



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

140 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, fimmtudaginn 20 september 2018 kl.09.30 á Hótel Bifröst

Mætt voru; Rakel Óskarsdóttir, formaður, Rósa Guðmundsdóttir, Björgvin Helgason, Valgarður L. Jónsson, Hilmar Hallvarðsson, Eggert Kjartansson, Björn Hilmarsson, Hafdís Bjarnadóttir, Ingveldur Guðmundsdóttir, Guðveig Eyglóardóttir og Árni Hjörleifsson. Einnig sátu fundinn Páll S Brynjarsson, framkvæmdastjóri og Hrefna B Jónsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Rakel Óskarsdóttir, formaður SSV, setti fund kl. 9:40

1. Framlögð fundargerð frá 139 fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 139 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Fundargerðin var staðfest.

2. Almenningsamgöngur.

Rætt um framhald verkefnisins um rekstur almenningsamgangna.

Framkvæmdastjóri reifaði fund sem haldinn var í ráðuneyti sveitarstjórnarmála þar sem ríkið lýsti yfir vilja sínum að fá landshlutasamtökin til að halda áfram utanum rekstur almenningsamgangna. Hann fór yfir umræður fundarins um rekstur verkefnisins og mismunandi aðstæður í landshlutum, auk þess sem hann kynnti niðurstöður skýrslu KPMG um mögulegt rekstrarfyrirkomulag á verkefninu til framtíðar. Rætt um kosti og galla þess að reka landsbyggðastrætó í einu félagi.

Stjórn áréttar að fjárveitingar til verkefnisins standi undir rekstrarkostnaði og að landshlutasamtökunum verði bættur upp sá halli sem hefur safnast upp undanfarið á verkefninu.

3. Málefni fatlaðra

Lögð fram drög að erindisbréfi fyrir vinnuhóp um endurskoðun á samstarfi sveitarfélaga á Vesturlandi um málefni fatlaðra. Í erindisbréfinu kemur fram að verkefni hópsins sé að móta tillögu um skipulag á þjónustusvæðum við fatlaða einstaklinga á Vesturlandi með hliðsjón af nýjum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taka gildi 1. október 2018. Lögin fella úr gildi tölu um íbúafjölda sem þurfa að standa á bak við félagsþjónustusvæði.

Stjórn samþykkir að óska eftir fundi með sveitarfélögunum og kynna tillögu að erindisbréfi fyrir þeim.

4. Starfsreglur stjórnar

Lögð fram tillaga að starfsreglum stjórnar SSV.

Stjórn telur eðlilegt að setja starfsreglur um stjórnarstörf og gerir ekki athugasemdir við framlagðar tillögur, en telur eðlilegt að vísa þeim til nýrrar stjórnar SSV.

5. Mannauðsstefna SSV

Lögð fram tillaga að mannauðsstefnu fyrir SSV.

Framlögð drög samþykkt með öllum greiddum atkvæðum stjórnar.

6. Velferðarstefna Vesturlands.

Drög að Velferðarstefnu Vesturlands kynnt. Formaður SSV reifaði störf vinnuhóps um Velferðarstefnu Vesturlands. Jóhanna M Björnsdóttir starfaði að verkefninu í sumar og aflaði gagna. Fundað var reglulega með starfshópi sem hefur ekki lokið sínum störfum þar sem verkefninu er ekki lokið. Framkvæmdastjóri sagði vinnu sem þessa kalla á samtal við marga hagsmunaaðila. Í framhaldi þess var talað um samþættingu í rekstri en hugmyndin er að skipa samráðshóp sem skoðar þann vinkil verkefnisins.

Rætt um kynningu verkefnisins þegar því lýkur. Kynning á verkefninu verður á haustfundi 21. sept. n.k. fyrir sveitarstjórnarmenn á Vesturlandi. Skýrslan mun koma á borð nýrrar stjórnar og verða send sveitarfélögum til umsagnar.

7. Veiðileyfagjöld

Lögð fram drög að skýrslu um áhrif veiðileyfagjalda á fyrirtæki í Norðvesturkjördæmi sem unnin var af ráðgjafafyrirtækinu Deloitte.

Framkvæmdastjóri reifaði verkefnið og sagði frá kynningarfundum sem fram fór 17 september s.l. á skrifstofu Deloitte. Rætt um íþyngjandi skatta á greinina sem hafa gríðarleg neikvæð áhrif á rekstur lítilla og meðalstórra fyrirtækja á landsbyggðinni.

8. Almannaþing Vesturlands

Lagt fram minnisblað um mögulega aðkomu SSV að ráðningu starfsmanns fyrir Almannaþing Vesturlands.

Rætt um að boða til fundar fulltrúum sveitarfélaga í október n.k. um kynningu verkefnisins og mögulegt framhald þess. Framkvæmdastjóri falið að kalla fulltrúa sveitarfélaganna til fundar í október og ræða þar m.a. útfærslu verkefnisins.

9. Haustþing SSV 2018.

Farið yfir dagskrá haustþingsins. Heiðraðir verða fimm sveitarstjórnarmenn yfir kvölddagskrá. Það eru: Ása Helgadóttir, Hvalfjarðarsveit, Björn Bjarki Þorsteinsson, Borgarbyggð, Kristján Þórðarson, Snæfellsbæ, Ingibjörg Pálmadóttir, Akraneskaupstaður og Sturla Böðvarsson, Stykkishólmsbæ.

10. Fjárhagsáætlun SSV

Fjárhagsáætlun SSV fyrir árið 2019 lögð fyrir stjórn. Tillaga gerir ráð fyrir því að fastagjald verði 600.000 kr. pr. sveitarfélag og gjald pr. íbúa 1.700 kr. Framkvæmdastjóri fór yfir útkomuspá ársins 2018 og áætlun 2019. Samþykkt vísa framlagðri áætlun til haustþings.

Ingveldur vék af fundi.

11. Starfsáætlun SSV

Starfsáætlun SSV fyrir árið 2019 lögð fyrir stjórn.

Framkvæmdastjóri reifaði innihald starfsáætlunar. Samþykkt að vísa til haustfundar.

Rætt um afmælisár SSV en samtökin voru stofnuð árið 1969 og því fimmtíu ára afmæli árið 2019.

12. Breytingar á prókúruhafa hjá SSV

Lögð fram tillaga um að Svala Svavarsdóttir, kt. 010574-4399, nýráðin verkefnisstjóri hjá SSV verði prókúruhafi á reikningum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, kt. 610673-0239, og heimabanka samtakanna.

Að lokum þökkuðu stjórnarmenn samstarf innan stjórnar. Talsverð endurnýjun verður nú í stjórn SSV en um helmingur stjórnarmanna víkja af vettvangi.

Fundi slitið kl. 11:30

HBJ